

Föstudagurinn 27. maí 1983.

Nr. 196/1983. **Ákærvaldið**

gegn

Lárusi Svavarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. þ. m., er barst Hæstarétti 24. s. m. Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðilja, en ætla verður, að úrskurðurinn hafi verið kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Samkvæmt fæðingarvottorði varnaraðilja er fullt nafn hans Lárus Svavarsson.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. maí 1983.

Ár 1983, sunnudaginn 22. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp gæsluvarðhaldsúrskurður þessi.

Hinn 16. þ. m. kærði Svavar Hafstein Jóhannsson, Laugavegi 20 B hér í borg, til rannsóknarlögreglu ríkisins, að brotist hafi verið inn á fyrrgreitt heimili hans föstudaginn þar á undan. Kvað Svavar Hafstein hafa horfið frá sér m. a. vasaúr, ljósmyndavél af tegundinni Minolta og kvikmyndatökuvél af gerðinni Cannon 1014 XL - S.

Aðfaranótt laugardagsins 21. þ. m. kærði nefndur Svavar Hafstein aftur innbrot og þjófnað til rannsóknarlögreglu ríkisins. Kvaðst Svavar Hafstein hafa lagst til hvíldar um miðnættið, en þá heyrt umgang á stigapallinum frammi. Kvaðst hann hafa farið fram á ganginn og séð mann, sem hann kvaðst þekkja í sjón, en ekki vita nafn á, standa í stiganum. Kvaðst Svavar Hafstein fyrst hafa tekist á við mann þennan, en síðan hringt í lögreglu,

en er hann var búinn að því, var maðurinn farinn. Svavar Hafstein segir, að horfið hafi frá sér úr jakka, sem var í fatahengi frammi á umræddum stigagangi, flugfarseðil, 500 þýsk mörk, 5—6 þúsund krónur íslenskar og skilríki.

Er honum var sýnt myndasafn rannsóknarlögreglu ríkisins, endurbekkti hann mann þann, er kom með áðurgreindum hætti á heimili hans þá fyrr um nóttina sem kærða og kvaðst fullyrða, að um sama mann væri að ræða.

Kærði var síðan handtekinn í veitingahúsinu Glæsibæ kl. 0220 um nóttina. Við leit á fatnaði kærða skömmu eftir handtöku hans fundust 100 þýsk mörk, 1.710 krónur íslenskar, tölva og úr.

Kærði hefur alfarið neitað við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins svo og fyrir dómi að hafa átt aðild að innbrotum þeim, er hér um ræðir. Gaf kærði þá skýringu á tilvist gjaldeyris þess og peninga þeirra, sem fundust á honum, að hann hefði selt manni, sem kallaður sé „Gaui“, leðurjakka sl. föstudag fyrir kr. 4.000 og 100 þýsk mörk. Kveðst kærði hafa verið á ferð með nefndum „Gauja“ sl. föstudag, og hefur hann tilgreint ýmsa aðilja, sem þeir félagar hafi hitt þann dag.

Kærði kveðst ekki hafa haft neina fasta atvinnu undanfarið og eigi heldur neinn fastan samastað.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og vísan til 1. og 3. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, enda þykir hætta á, ef hann heldur óskertu frelsi, að hann geti spillt sakargögnum eða haft áhrif á vitni eða hugsanlega samseka. Kærða verður þó eigi gert skylt að sæta gæsluvarðhaldi lengur en til miðvikudagsins 1. júní 1983, kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu eigi til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Lárus Björn Svavarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. júní 1983, kl. 1700.